



Alþýðusamband Íslands

Breytingar á útsvari og fasteignagjöldum 2012

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði breytingar á útsvari og álagningu fasteignagjalda hjá 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins fyrir árið 2012. Í ljós kom að útsvarsprósentan er óbreytt frá árinu 2011 hjá 14 sveitarfélögum af 15 og að 13 af 15 sveitarfélögum innheimta hámarks leyfilegt útsvar.

Vegna hækkunar á fasteignamati hækka fasteignagjöld íbúðareiganda á milli ára. Hækkar fasteignamatið í öllum þeim hverfum/sveitarfélögum sem verðlagseftirlitið skoðaði að þessu sinni bæði fyrir fjölbýli og einbýli, nema hjá Fjarðarbyggð – Reyðarfirði en þar var lækkun á sérbýli um 4%

Útsvar

Útsvarsprósentan er óbreytt frá árinu 2011 hjá 14 sveitarfélögum af þeim 15 fjölmennustu á landinu. Eina sveitarfélagið sem hækkar útsvarið að þessu sinni er Reykjavík sem hækkar úr 14,4% í 14,48%. 13 af þeim 15 sveitarfélögum sem skoðuð voru, innheimta hámarks leyfilegt útsvar sem er nú 14,48%. Lægst er útsvarið 13,66% í Garðabæ og 14,18% á Seltjarnarnesi.

Útsvar %, 2011 - 2012	2011	2012	Breyting
Reykjavíkurborg	14,40	14,48	0,6%
Kópavogsbær	14,48	14,48	0,0%
Hafnarfjarðarkaupstaður	14,48	14,48	0,0%
Akureyrarkaupstaður	14,48	14,48	0,0%
Reykjanesbær	14,48	14,48	0,0%
Garðabær	13,66	13,66	0,0%
Mosfellsbær	14,48	14,48	0,0%
Sveitarfélagið Árborg	14,48	14,48	0,0%
Akraneskaupstaður	14,48	14,48	0,0%
Fjarðabyggð	14,48	14,48	0,0%
Fljótshálsa	14,48	14,48	0,0%
Seltjarnarneskaupstaður	14,18	14,18	0,0%
Ísafjarðarbær	14,48	14,48	0,0%
Sveitarfélagið Skagafjörður	14,48	14,48	0,0%
Vestmannaeyjabær	14,48	14,48	0,0%

Fasteignagjöld

Fasteignagjöld eru einn mikilvægasti tekjustofn sveitafélaganna og skiptast þau í fasteignaskatt og önnur fasteignagjöld sem skiptast í holræsagjald, vatnsgjald, og lóðaleigu. Við álagningu þessara gjalda er fasteignamat húsa og lóða að jafnaði notað sem álagningastofn. Til þess að átta sig á því hvernig fasteignagjöldin breytast milli ára er nauðsynlegt að skoða breytingar á álagningarhlutfalli sveitarfélaga sem og breytingu á fasteignamati íbúðarhússnæðis í viðkomandi sveitafélagi. Sorphirðugjald sem innheimt er með fasteignagjöldunum er hins vegar fast gjald á tunnu óháð fasteignamati eignarinnar. Tekin eru nokkur dæmi um hverfi í sveitarfélögunum. Þrjú í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Tvö í Garðabæ, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Árborg, Fjarðarbyggð og Fljótshéraði. Hjá hinum sem eftir eru er aðeins eitt hverfi í boði á hverjum stað.

Fasteignamat fyrir fjölbýli hækkaði hjá öllum 15 sveitarfélögunum fyrir öll hverfi, hækkunin er frá 0,5% upp í 19%. Mest var hækkunin hjá Sveitarfélaginu Árborg 19%, í Vestmannaeyjum 16% og í Reykjavík - vestan Bræðraborgarstígs 13%.

Fasteignamat fyrir sérbyli hækkar einnig hjá öllum sveitarfélögunum nema einu. Hækkunin er á bilinu 1 upp í 20%. Mesta hækkunin var hjá Sveitarfélaginu Árborg – Eyrarbakka 20%, hjá Reykjavíkurborg - vestan Bræðraborgarstígs um 19% og hjá Kópavogsbæ - Kórar/Hvörf og Garðabæ – Vesturhluta um 16%. Aðeins var lækkun hjá Fjarðarbyggð - Reyðafirði um 4%. Tölurnar eru fengnar hjá Þjóðskrá Íslands.

Fasteignamat 2011-2012	Breyting fasteignamats milli ára	
	Fjölbýli	Sérbyli
Reykjavíkurborg - Vestan Bræðraborgarstígs	13,0%	19,3%
Reykjavíkurborg - Fell	8,4%	5,5%
Reykjavíkurborg - Háaleiti / Skeifa	8,0%	4,7%
Kópavogsbær - Hjallar, Lindir	7,0%	11,6%
Kópavogsbær - Vesturbær	8,4%	11,0%
Kópavogsbær - Kórar / Hvörf	9,2%	16,0%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Setberg	5,7%	9,2%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Flensborg	4,5%	8,9%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	1,1%	13,4%
Garðabær - Vesturhluti	7,1%	16,3%
Garðabær - Sjáland	4,0%	8,9%
Mosfellsbær - Teigar, Krikar	8,2%	12,3%
Mosfellsbær - Leirvogstunga		12,0%
Mosfellsbær	9,2%	7,3%
Ísafjörður	2,4%	12,8%
Vestmannaeyjar	16,4%	9,8%
Akureyri	5,2%	14,1%
Seltjarnarneskaupstaður	10,0%	9,4%
Akraneskaupstaður	2,2%	5,4%
Reykjanesbær Keflavík	4,9%	8,0%
Reykjanesbær Njarðvík	4,3%	8,0%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	3,4%	3,9%
Sveitarfélagið Árborg - Eyrarbakki	18,6%	20,2%
Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	3,1%	-4,3%
Fjarðabyggð - Neskaupstaður	1,7%	4,5%
Fljótshérað - Fellabær	0,4%	1,1%
Fljótshérað - Egilsstaðir	8,2%	3,4%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrúkur	7,5%	13,2%

Dæmi um hverfi

Fasteignaskattur

Álagningarprósenta fasteignaskatts er óbreytt hjá 10 sveitarfélögum af 15. Þrjú sveitarfélög hækka fasteignaskattinn. Mesta hækkunin er á Ísafirði 44%, Fjarðarbyggð 16% og í Hafnarfirði um 14%. Þau sveitafélög sem lækka álagningarprósentuna eru Reykjavík um 11% og Sveitarfélagið Árborg um 7%.

Þegar tekið er tillit til breytinga á fasteignaskatti miðað við nýtt fasteignamat 2012, kemur í ljós að fasteignaskattur á fjölbýli hækkar hjá allflestum sveitafélögum um 0,5% upp í 48%. Mesta hækkunin er hjá Ísafirði um 48%, Hafnarfirði - Setbergi um 21% og Fjarðarbyggð – Reyðarfirði um 20%. Aftur á móti lækkar gjaldið um 4% hjá Sveitarfélaginu Árborg – Selfossi og Reykjavík - Háaleiti/Skeifu og Fellum.

Mesta hækkun fasteignaskatts fyrir sérbýli er á Ísafirði um 63% og í Hafnarfirði - Vellir um 30%. Fasteignaskatturinn lækkar á sérbýli í Reykjavík – Háaleiti/Skeifu um 7%, Fellum um 6% og Sveitarfélaginu Árborg – Selfoss um 4%.

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði 2011 og 2012	Fasteignaskattur húss og lóðar, % af fasteignamati.			Breyting fasteignaskatts miðað við nýtt fasteignamat		Samtals breyting á gjöldum	
	2011	2012	Breyting	Fjölbýli	Sérbýli	Fjölbýli	Sérbýli
Reykjavíkurborg - Vestan Bræðraborgarstígs	0,225	0,2	-11,1%	13,0%	19,3%	0,4%	6,0%
Reykjavíkurborg - Fell	0,225	0,2	-11,1%	8,4%	5,5%	-3,6%	-6,2%
Reykjavíkurborg - Háaleiti / Skeifa	0,225	0,2	-11,1%	8,0%	4,7%	-4,0%	-6,9%
Kópavogsbær - Hjallar, Lindir	0,32	0,32	0,0%	7,0%	11,6%	7,0%	11,6%
Kópavogsbær - Vesturbær	0,32	0,32	0,0%	8,4%	11,0%	8,4%	11,0%
Kópavogsbær - Kórar / Hvörf	0,32	0,32	0,0%	9,2%	16,0%	9,2%	16,0%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Setberg	0,28	0,32	14,3%	5,7%	9,2%	20,8%	24,8%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Flensborg	0,28	0,32	14,3%	4,5%	8,9%	19,4%	24,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,28	0,32	14,3%	1,1%	13,4%	15,6%	29,6%
Garðabær - Vesturhluti	0,26	0,26	0,0%	7,1%	16,3%	7,1%	16,3%
Garðabær - Sjálund	0,26	0,26	0,0%	4,0%	8,9%	4,0%	8,9%
Mosfellsbær - Teigar, Krikar	0,265	0,265	0,0%	8,2%	12,3%	8,2%	12,3%
Mosfellsbær - Leirvogstunga	0,265	0,265	0,0%		12,0%		12,0%
Mosfellsbær	0,265	0,265	0,0%	9,2%	7,3%	9,2%	7,3%
Ísafjörður	0,45	0,65	44,4%	2,4%	12,8%	47,9%	62,9%
Vestmannaeyjar	0,42	0,42	0,0%	16,4%	9,8%	16,4%	9,8%
Akureyri	0,38	0,38	0,0%	5,2%	14,1%	5,2%	14,1%
Seltjarnarneskaupstaður	0,209	0,209	0,0%	10,0%	9,4%	10,0%	9,4%
Akraneskaupstaður	0,3457	0,3611	4,5%	2,2%	5,4%	6,7%	10,1%
Reykjanesbær Keflavík	0,3	0,3	0,0%	4,9%	8,0%	4,9%	8,0%
Reykjanesbær Njarðvík	0,3	0,3	0,0%	4,3%	8,0%	4,3%	8,0%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	0,35	0,325	-7,1%	3,4%	3,9%	-3,9%	-3,5%
Sveitarfélagið Árborg - Eyrarbakki	0,35	0,325	-7,1%	18,6%	20,2%	10,1%	11,6%
Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	0,37	0,43	16,2%	3,1%	-4,3%	19,8%	11,3%
Fjarðabyggð - Neskaupstaður	0,37	0,43	16,2%	1,7%	4,5%	18,2%	21,5%
Fljótshálsa - Fellabær	0,5	0,5	0,0%	0,4%	1,1%	0,4%	1,1%
Fljótshálsa - Egilsstaðir	0,5	0,5	0,0%	8,2%	3,4%	8,2%	3,4%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrúkur	0,5	0,5	0,0%	7,5%	13,2%	7,5%	13,2%

Öll sveitafélögin veita afslátt til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega

Holræsagjald/Fráveitugjald

Holræsagjald er innheimt sem hlutfall af fasteignamati hjá öllum sveitarfélögum nema Reykjavík og Akranesi en þar er innheimt fastagjald og fermetragjald. Álagningaprósenta holræsagjalds er óbreytt frá árinu 2011 hjá 8 sveitarfélögum af 15, en hækkar mest hjá Reykjavík og Akranesi um 60,5% og í Hafnarfirði um 15,6%. Ísafjörður er eina sveitarfélagið sem lækkar álagningarprósentu holræsagjalds að þessu sinni og nemur lækkunin 26,5%.

Þegar tekið er tillit til breytinga á fasteignamati hækkar holræsagjaldið hjá öllum sveitarfélögum nema Ísafirði þar er sem fjölbyli lækkar um 25% og sérbyli um 17%. Mest hækkar gjaldið í fjölbyli um 22% bæði hjá Sveitarfélaginu Árborg – Eyrabakka og Hafnarfirði – Setbergi. Fyrir sérbyli hækkar holræsagjaldið mest um 31% hjá Hafnarfirði – Völlum, og um 26% í Hafnarfirði - Setbergi og Flensborg.

Holræsagjald af íbúðarhúsnæði 2011 og 2012	Holræsagjald, % af fasteignamati húss og lóðar			Breyting holræsagjald miðað við nýtt fasteignamat		Samtals breyting á gjöldum	
	2011	2012	Breyting	Fjölbyli	Sérbyli	Fjölbyli	Sérbyli
Reykjavíkurborg - Vestan Bræðraborgarstígs 1	5.148,53 fastagj. + 198,73kr/m2/ár	8.263,17 fastagj. + 318,19kr/m2/ár	60,5%				
Reykjavíkurborg - Fell 1	5.148,53 fastagj. + 198,73kr/m2/ár	8.263,17 fastagj. + 318,19kr/m2/ár	60,5%				
Reykjavíkurborg - Háaleiti / Skeifa 1	5.148,53 fastagj. + 198,73kr/m2/ár	8.263,17 fastagj. + 318,19kr/m2/ár	60,5%				
Kópavogsbær - Hjallar, Lindir	0,169	0,169	0,0%	7,0%	11,6%	7%	12%
Kópavogsbær - Vesturbær	0,169	0,169	0,0%	8,4%	11,0%	8%	11%
Kópavogsbær - Kórar / Hvörf	0,169	0,169	0,0%	9,2%	16,0%	9%	16%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Setberg	0,16	0,185	15,6%	5,7%	9,2%	22%	26%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Flensborg	0,16	0,185	15,6%	4,5%	8,9%	21%	26%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,16	0,185	15,6%	1,1%	13,4%	17%	31%
Garðabær - Vesturhluti	0,12	0,12	0,0%	7,1%	16,3%	7%	16%
Garðabær - Sjáland	0,12	0,12	0,0%	4,0%	8,9%	4%	9%
Mosfellsbær Teigar, Krikar	0,13	0,13	0,0%	8,2%	12,3%	8%	12%
Mosfellsbær - Leirvogstunga	0,13	0,13	0,0%		12,0%	0%	12%
Mosfellsbær	0,13	0,13	0,0%	9,2%	7,3%	9%	7%
Ísafjörður	0,34	0,25	-26,5%	2,4%	12,8%	-25%	-17%
Vestmannaeyjar	0,2	0,2	0,0%	16,4%	9,8%	16%	10%
Akureyri	0,15	0,15	0,0%	5,2%	14,1%	5%	14%
Seltjarnarneskaupstaður	0,11	0,11	0,0%	10,0%	9,4%	10%	9%
Akraneskaupstaður	5.148,53 fastagj. + 198,73kr/m2/ár	8.263,17 fastagj. + 318,19kr/m2/ár	60,5%				
Reykjanesbær Keflavík	0,17	0,17	0,0%	4,9%	8,0%	5%	8%
Reykjanesbær Njarðvík	0,17	0,17	0,0%	4,3%	8,0%	4%	8%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	0,308	0,3172	3,0%	3,4%	3,9%	7%	7%
Sveitarfélagið Árborg - Eyrabakki	0,308	0,3172	3,0%	18,6%	20,2%	22%	24%
Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	0,26	0,29	11,5%	3,1%	-4,3%	15%	7%
Fjarðabyggð - Neskaupstaður	0,26	0,29	11,5%	1,7%	4,5%	13%	17%
Fljótshálsa - Fellabær	0,31	0,318	2,6%	0,4%	1,1%	3%	4%
Fljótshálsa - Egilsstaðir	0,31	0,318	2,6%	8,2%	3,4%	11%	6%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrúkur	0,275	0,275	0,0%	7,5%	13,2%	8%	13%

1/ Tekið er viðmið af 100fm íbúð á 20 milljónir

Lóðaleiga

Lóðaleiga er innheimt sem hlutfall af lóðarmati hjá öllum sveitarfélögum nema í Kópavogi, en þar er innheimt fast fermetragjald. Álagningarstuðullinn er óbreyttur hjá 11 sveitafélögum af 15. Hækkunin er mest hjá Reykjavík eða 21%, Kópavogi um 5% og Akranesi um 4%. Eina sveitarfélagið sem lækkar gjaldið er Fjarðarbyggð sem lækkar það um 40%.

Þegar tekið er tillit til breytinga á lóðaleigu miðað við breitt lóðarmat fyrir fjölbýli, hækka lóðaleigugjöldin mest hjá Sveitarfélaginu Skagafirði um 54%, Reykjavík - vestan Bræðraborgarstígs um 51% og hjá Fljótshéraði – Egilsstöðum um 42%. Mesta lækkunin fyrir fjölbýli er hjá Fjarðarbyggð – Neskaupstað um 31%.

Mesta hækkun fyrir sérbýli er hjá Reykjavíkur - vestan Bræðraborgarstígs 48% og Sveitarfélaginu Árborg – Eyrarbakka um 41% og mesta lækkunin á sérbýli er hjá Fjarðarbyggð – Reyðarfjörður um 53% og Fjarðarbyggð - Neskaupstaður um 52%.

Lóðaleiga af íbúðarhúsnæði 2011 og 2012	Lóðaleiga, % af lóðamati			Breyting lóðaleigu miðað við breytt lóðamat		Samtals breyting á gjöldum	
	2011	2012	Breyting	Fjölbýli	Sérbýli	Fjölbýli	Sérbýli
Reykjavíkurborg - vestan Bræðraborgarsígs	0,165	0,2	21%	24,5%	22,5%	51%	48%
Reykjavíkurborg - Fell	0,165	0,2	21%	15,8%	5,0%	40%	27%
Reykjavíkurborg - Háaleiti / Skeifa	0,165	0,2	21%	13,8%	4,3%	38%	26%
Kópavogsbær - Hjallar, Lindir	16,8 kr/fm	17,71 kr/fm	5%				
Kópavogsbær - Vesturbær	16,8 kr/fm	17,71 kr/fm	5%				
Kópavogsbær - Kórar / Hvörf	16,8 kr/fm	17,71 kr/fm	5%				
Hafnarfjarðarkaupstaður - Setberg	0,42	0,42	0%	8,4%	9,1%	8%	9%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Flensborg	0,42	0,42	0%	6,2%	4,0%	6%	4%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,42	0,42	0%	-2,8%	18,0%	-3%	18%
Garðabær - Vesturhluti	0,4	0,4	0%	9,8%	23,7%	10%	24%
Garðabær - Sjaland	0,4	0,4	0%	2,8%	10,7%	3%	11%
Mosfellsbær - Teigar, Kriki	0,34	0,34	0%	10,6%	17,6%	11%	18%
Mosfellsbær - Leirvogstunga	0,34	0,34	0%		13,8%		14%
Mosfellsbær	0,34	0,34	0%	14,6%	8,7%	15%	9%
Ísafjörður	1,8	1,8	0%	6,1%	19,0%	6%	19%
Vestmannaeyjar	1	1	0%	14,0%	13,4%	14%	13%
Akureyri	0,5	0,5	0%	13,2%	11,2%	13%	11%
Seltjarnarneskaupstaður	0,4	0,4	0%	18,3%	11,4%	18%	11%
Akraneskaupstaður	1,012	1,055	4%	23,4%	3,0%	29%	7%
Reykjanesbær Keflavík	2	2	0%	-5,1%	10,8%	-5%	11%
Reykjanesbær Njarðvík	2	2	0%	4,6%	11,8%	5%	12%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	1	1	0%	2,0%	2,8%	2%	3%
Sveitarfélagið Árborg - Eyrarbakki	1	1	0%	30,1%	40,5%	30%	41%
Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	0,85	0,51	-40%	63,8%	-21,3%	-2%	-53%
Fjarðabyggð - Neskaupsstaður	0,85	0,51	-40%	14,8%	-20,3%	-31%	-52%
Fljótshéraði - Fellabær	0,35	0,35	0%	30,4%	-4,2%	30%	-4%
Fljótshéraði - Egilsstaðir	0,35	0,35	0%	42,3%	-3,4%	42%	-3%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrúkur	1,5	1,5	0%	54,1%	7,5%	54%	7%

Vatnsgjald

Vatnsgjald er innheimt sem hlutfall af fasteignamati hjá flestum sveitarfélögum en hjá Reykjavík, Akureyri, Akranesi, Vestmannaeyjum og Fljótdalshéraði er innheimt fast gjald, auk gjalds fyrir notkun eftir magni eða stærð hússnæðis eða bæði. Mesta hækkun á álagningaprósentu milli ára er hjá Reykjavík, Akranesi, og Fjarðarbyggð 10,7%. Ísafjörður hefur lækkað vatnsgjaldið um 40% á milli ára, Garðabær um 8% og Vestmannaeyjar um 2%.

Ef tekið er tillit til breytinga á gjaldtöku miðað við fasteignamat kemur í ljós að gjöldin hafa hækkað hjá öllum sveitarfélögum, nema Ísafirði og Garðabæ. Mesta hækkun fyrir fjölbýli er hjá Sveitarfélaginu Árborg – Eyrarbakka um 22% og Fjarðarbyggð – Reyðafirði um 14%. Gjaldið lækkar á Ísafirði um 39% og í Garðabæ – Sjálandi um 5%.

Fyrir sérbylí hefur Sveitarfélagið Árborg – Eyrarbakka hækkað mest eða um 24% og Kópavogur – Kórar/Hvörf og Fjarðarbyggð – Neskaupsstaður um 16%. Aðeins er lækkun á Ísafirði um 32%.

Vatnsgjald 2011 og 2012	Vatnsgjald, % af fasteignamati			Breyting fasteignaskatts miðað við nýtt fasteignamat		Samtals breyting á gjöldum	
	2011	2012	Breyting	Fjölbýli	Sérbylí	Fjölbýli	Sérbylí
Reykjavíkurborg - Vestan Bræðraborgarstígs	4.639 fastagj. + 180kr/fm	5.134,76 fastagj. + 199,24kr/fm	10,7%				
Reykjavíkurborg - Fell	4.639 fastagj. + 180kr/fm	5.134,76 fastagj. + 199,24kr/fm	10,7%				
Reykjavíkurborg - Háaleiti / Skeifa	4.639 fastagj. + 180kr/fm	5.134,76 fastagj. + 199,24kr/fm	10,7%				
Kópavogsbær - Hjallar, Lindir	0,135	0,135	0,0%	7,0%	11,6%	7%	12%
Kópavogsbær - Vesturbær	0,135	0,135	0,0%	8,4%	11,0%	8%	11%
Kópavogsbær - Kórar / Hvörf	0,135	0,135	0,0%	9,2%	16,0%	9%	16%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Setberg	0,11	0,112	1,8%	5,7%	9,2%	8%	11%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Flensborg	0,11	0,112	1,8%	4,5%	8,9%	6%	11%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,11	0,112	1,8%	1,1%	13,4%	3%	15%
Garðabær - Vesturhluti	0,12	0,11	-8,3%	7,1%	16,3%	-2%	7%
Garðabær - Sjáland	0,12	0,11	-8,3%	4,0%	8,9%	-5%	0%
Mosfellsbær - Teigar, Krikar	0,11	0,11	0,0%	8,2%	12,3%	8%	12%
Mosfellsbær - Leirvogstunga	0,11	0,11	0,0%		12,0%	0%	12%
Mosfellsbær	0,11	0,11	0,0%	9,2%	7,3%	9%	7%
Ísafjörður	0,3	0,18	-40,0%	2,4%	12,8%	-39%	-32%
Vestmannaeyjar 1	82,92kr/m3 + 12,4kr/dag + 126,58kr/m2	87,26kr/m3 + 141kr/m2 + 5.627kr/ári	-1,9%				
Akureyri	6.909,97 fastagj. + 103,65 kr/fm	7.275,05 fastagj. + 109,15 kr/fm	5,3%				
Seltjarnarneskaupstaður	0,12	0,12	0,0%	10,0%	9,4%	10%	9%
Akraneskaupstaður	4.639 fastagj. + 180/fmkr	5.134,76 fastagj. + 199,24kr/fm	10,7%				
Reykjanesbær Keflavík	0,193	0,193	0,0%	4,9%	8,0%	5%	8%
Reykjanesbær Njarðvík	0,193	0,193	0,0%	4,3%	8,0%	4%	8%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	0,1904	0,1961	3,0%	3,4%	3,9%	7%	7%
Sveitarfélagið Árborg - Eyrarbakki	0,1904	0,1961	3,0%	18,6%	20,2%	22%	24%
Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	0,28	0,31	10,7%	3,1%	-4,3%	14%	6%
Fjarðabyggð - Neskaupsstaður	0,28	0,31	10,7%	1,7%	4,5%	13%	16%
Fljótdalshérað - Fellabær	0,24	7.400 fastagj. + 225 kr/fm					
Fljótdalshérað - Egilsstaðir	0,24	7.400 fastagj. + 225 kr/fm					
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrúkur	0,16	0,16	0%	7,5%	13,2%	8%	13%

Sorphirða

Sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld ýmis konar) eru ekki tengd fasteignamati en eru innheimt á hverja tunnu. Gjaldið er hæst á Ísafirði kr. 43.659 kr. á tunnu, sem er það sama og í fyrra. Lægsta gjaldið er á Seltjarnanesi 16.050 kr. á tunnu sem er 63% lægra en á Ísafirði eða 27.609 kr. verðmunur á ári. Sorphirðugjaldið hækkar milli ára hjá 10 sveitarfélögum af 15. Mesta hækkunin á milli ára er í Vestmannaeyjum en þar var gjaldið í fyrra 23.378 kr. á íbúð en er nú 31.534 kr., sem er 35% hækkun. Í Kópavogi nemur hækkunin 27% milli ára og 23% í Mosfellsbæ.

Sorphirðugjald af íbúðarhúsnæði 2011 og 2012	Samtals 2011	Samtals 2012	Breyting
Reykjavíkurborg	20.678	21.565	4,3%
Kópavogsbær	18.400	23.300	26,6%
Hafnarfjarðarkaupstaður	17.000	19.300	13,5%
Akureyrarkaupstaður	22.000	23.100	5,0%
Reykjanesbær	34.500	36.225	5,0%
Garðabær	16.500	17.500	6,1%
Mosfellsbær	17.500	21.500	22,9%
Sveitarfélagið Árborg	33.600	33.600	0,0%
Akraneskaupstaður	25.400	27.700	9,1%
Fjarðabyggð	33.946	31.668	-6,7%
Fljótshálsa	19.600	20.972	7,0%
Seltjarnarneskaupstaður	16.050	16.050	0,0%
Ísafjarðarbær	43.659	43.659	0,0%
Sveitarfélagið Skagafjörður	30.000	30.000	0,0%
Vestmannaeyjabær	23.378	31.534	34,9%

Afslættir

Öll sveitarfélögin veita afslátt af fasteignagjöldum til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega og eru þeir mismunandi eftir sveitarfélögum. Þessir afslættir eru ekki skoðaðir sérstaklega í þessu yfirliti. Gjaldendum er boðið að greiða gjöldin með jöfnum afborgunum í allt að 10 skipti, einnig hafa sum sveitarfélögin boðið upp á staðgreiðsluafslátt séu gjöldin greidd að fullu fyrir ákveðinn tíma.